

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/79/ESB

2012/EES/32/44

frá 19. nóvember 2010

um aðlögun að tækniframförum á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB um takmörkun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 um takmörkun á losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tiltekinni málningu og lakki og efnun til lakkviðgerða á ökutækjum og um breytingu á tilskipun 1999/13/EB ⁽¹⁾, einkum 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Greiningaraðferðirnar, sem settar eru fram í III. viðauka við tilskipun 2004/42/EB, skal nota til að ákvarða hvort vörurnar í I. viðauka við tilskipunina séu í samræmi við þau viðmiðunarmörk fyrir leyfilegt hámarksinnihald rokgjarnra, lífrænna efnasambanda (hér á eftir kölluð „lífræn rokefni“) sem sett eru fram í II. viðauka við tilskipunina. Þessar aðferðir skal laga að tækniframförum.
- 2) Alþjóðlegu staðlasamtökin endurskoðuðu ISO-aðferð 11890-2 árið 2006 og nýja útgáfan skal felld inn í III. viðauka við tilskipun 2004/42/EB.
- 3) Í ISO-aðferð 11890-2 kemur fram að hin einfaldari og hagkvæmari ISO-aðferð 11890-1 sé ásættanlegur valkostur þegar hvarfgjörn þynningarefni eru ekki hluti af samsetningu vörunnar og þegar innihald lífrænna rokefna er 15% eða meira, miðað við massa. Sú aðferð skal því leyfð samkvæmt tilskipun 2004/42/EB til að draga úr prófunarkostnaði aðildarríkja og rekstraraðila sem sú tilskipun hefur áhrif á.
- 4) Breyta ber tilskipun 2004/42/EB til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 3. mgr. 12. gr. tilskipunar 2004/42/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað III. viðauka við tilskipun 2004/42/EB komi viðaukinn við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 10. júní 2012. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 304, 20.11.2010, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

(¹) Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87.

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

AÐFERÐIR SEM UM GETUR Í 1. MGR. 3. GR.

Leyfileg aðferð fyrir vörur þar sem innihald lífrænna rokefna er minna en 15% miðað við massa og hvarfgjörn þynningarefni eru ekki til staðar:

Breyta	Eining	Prófun	
		Aðferð	Birtingardagur
Innihald lífrænna rokefna	g/l	ISO 11890-2	2006

Leyfilegar aðferðir fyrir vörur þar sem innihald lífrænna rokefna er 15% eða meira miðað við massa og hvarfgjörn þynningarefni eru ekki til staðar:

Breyta	Eining	Prófun	
		Aðferð	Birtingardagur
Innihald lífrænna rokefna	g/l	ISO 11890-1	2007
Innihald lífrænna rokefna	g/l	ISO 11890-2	2006

Leyfileg aðferð fyrir vörur sem innihalda lífræn rokefni ef hvarfgjörn þynningarefni eru til staðar:

Breyta	Eining	Prófun	
		Aðferð	Birtingardagur
Innihald lífrænna rokefna	g/l	ASTMD 2369	2003 ^{cc}